



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Skýrsla um fyrsta samstarfsárið, maí 2019 til maí 2020



Ester Ýr Jónsdóttir starfspróunarstjóri hjá Menntavísindastofnun MVS HÍ
Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála hjá SFS

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Viðburðir.....	4
Vorblót.....	4
Stefnumót fræðafólks og stjórnenda	4
Sýningar á verkum skólabarna	5
Nemar við MVS.....	5
Tími til að tengja	5
Aðrir viðburðir og fundir.....	5
Námskeið.....	6
Stutt námskeið og fræðslufundir.....	6
Lengri námskeið	7
Sérniðin einingabær námskeið	8
Opin námskeið.....	9
Önnur tækifæri til starfsþróunar	9
Menntabúðir	9
Lærdómssamfélög	9
Leiðsagnarnám	10
Samstarf MVS og SFS í þróunar og nýsköpunarverkefnum.....	10
Skipulagið framundan.....	12
2020.....	13
2021.....	13
Yfirlit fjármála.....	13
Að lokum	14
Fylgiskjöl	15

Inngangur

Þann 13. maí 2019 gerðu skóla- og frístundasvið (SFS) Reykjavíkurborgar og Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands (HÍ) með sér tvíhliða samning sem felur í sér að SFS greiðir fyrir skipulag og utanumhald sértækra námskeiða, ráðgjöf og leiðsögn frá MVS til starfsstaða SFS og að MVS hýsir viðburði og kynnir starfsemi SFS á sviðinu. Samningurinn felur í sér gagnvirktt samstarf þar sem annarsvegar er lögð áhersla á aukna fræðslu og ráðgjöf frá kennurum og sérfræðingum á MVS en hinsvegar að gera starf Reykjavíkurborgar sýnilegra í öllu starfi sviðsins, kennslu og viðburðum. Litið er á þetta samstarf sem lið í þeirri almennu aðgerð vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkur að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar með áherslu á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi. Meginmarkmið með samstarfinu er að byggja upp lærdómssamfélag, samstarf, teymishugsun og hringferli stöðugra umbóta og þróunar. Af hálfu HÍ annast Menntavísindastofnun (MVSt) og MVS framkvæmd og umsjón samningsins en Nýsköpunarmiðja menntamála (NýMið) og Mannauðsdeild SFS heldur utan um samstarfið fyrir hönd skóla- og frístundasviðs.

Tilgangur og markmið samningsins er að efla samstarf milli SFS og MVSt um starfsþróun starfsfólks SFS í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi. Markhópur samningsins er starfsfólk SFS en sérstök áhersla er á starfsfólk, sem lokið hefur stúdentsprófi og/eða grunn- eða framhaldsnámi í háskóla, í gegnum einingabær námskeið. Samstarfið felst í samvinnu um námskeiðahald, leiðsögn, ráðgjöf og rannsóknir með og í samvinnu við framangreinda hópa. Samstarfið gengur einnig út á að efla tengsl háskólasamfélagsins og starfsemi skóla- og frístundastarfs á vettvangi. Starfið grundvallast á Menntastefnu Reykjavíkurborgar – á áherslupáttum hennar – og er byggt á gögnum um óskir kennara og starfsfólks um starfsþróun, eins og í niðurstöðum [TALIS í grunnskólum](#) og skýrslu Ingvars Sigurgeirssonar og Lilju M. Jónsdóttur um [starfsþróun grunnskólakennara](#).

Viðburðir

Dæmi um afrakstur samstarfsins eru viðburðir þar sem menntastefnan er kynnt, ræddar eru áhugaverðar rannsóknarhugmyndir fyrir meistaranema og skapaður er vettvangur fyrir samtal um nýsköpun og þróun í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Vorblót

Samstarf SFS og MVS hófst formlega 13. maí 2019 með Vorblóti sem báðir aðilar stóðu saman að. Vorblótið var haldið í húsnæðni MVS hvar SFS bauð upp fjölbreyttar kynningar á ýmsu áhugaverðu fyrir nemendur og MVS kynnti námsleiðir, rannsóknir, námskeið og ýmis tækifæri til starfsþróunar. Á Vorblótið komu einnig ýmsir aðilar sem kynntu námsefni og spennandi aðföng til kennslu.

Starfsfólk NýMið kom að skipulagi og kynningum á vorblótinu með ýmsum hætti s.s. með kynningu á Barnasáttmálanum, kynfræðslu og nýjum og spennandi verkfærum til notkunar í upplýsingatækni.

Samstarfssamningur um samstarf MVS og SFS um starfsþróun og nýsköpun í menntun var undirritaður á Vorblótinu. Sjá má samstarfssamninginn í heild sinni á [fundagerðavef Reykjavíkurborgar](#).

Vorblóti sem fyrirhugað var 1. apríl 2020 var frestað til 12./19.

nóvember v. COVID-19 en ákveðið var á vormánuðum að fella það niður þetta árið og sameina það viðamiklu Menntastefnumóti sem ráðgert er að halda í Hörpu 10. maí 2021.



Stefnumót fræðafólks og stjórnenda


Þann 19. mars 2019 og aftur 10. febrúar 2020 buðu MVS og SFS til stefnumóts fræðafólks úr háskólasamfélaginu og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar sjá fskj. 1.

Stefnumótin voru haldin í húsnæði MVS þar sem [Þróunar- og nýsköpunarsjóður Skóla- og frístundaráðs: „Látum draumana rætast“](#) var kynntur og svigrúm gefið fyrir samtal stjórnenda og fræðafólks um rannsóknarsamstarf. Stefnumótin leiddu bæði af sér samstarf sem mun vonandi gefa af sér til allra sem að því koma og fróðlegt verður að fylgjast með hver ávinningur þess verður fyrir börn í skólum og frístundastarfi

borgarinnar. Sjá nánar kafla um samstarf MVS og SFS í þróunar og nýsköpunarverkefnum hér fyrir aftan.

Sýningar á verkum skólabarna

Á Barnamenningarhátíð, sem haldin var í apríl 2019, settu níu ára nemendur í Húsaskóla sem stunda nám við Myndlistarskólann í Reykjavík upp [listsýningu á verkum sínum](#) í húsnæði MVS. Sagt var frá þessum skemmtilega viðburði í [fréttatíma Stöðvar 2](#). Í kjölfar sýningarinnar var áfram leitað eftir samstarfi um að koma verkum nemenda á framfæri í húsnæði MVS. Nú er svo komið að reglulega prýða fjölmörg listaverk barna í borginni veggina á MVS.



Nemar við MVS

Í lok ágúst 2019 var SFS með nýnemakynningu um menntastefnuna fyrir nemendur MVS. Nemum við MVS sem farnir voru að huga að lokaverkefnum var boðið til kynningar og samtals um menntastefnu Reykjavíkur í lok október. Viðburðurinn var haldinn í staðlotuviku á MVS og voru fulltrúar NýMið á staðnum í hádegishléum þeirrar viku til að kynna menntastefnuna. Á viðburði fyrir meistaranema var menntastefnan og fjölbreytt verkefni á skóla- og frístundasviði kynnt sem mögulegur vettvangur rannsókna eða hugmynda fyrir lokaverkefni. Um leið var vakin sérstök athygli á því framtaki skóla- og frístundaráðs að verðlauna allt að 12 framúrskarandi lokaverkefni meistaranema í menntunar- og tómstundafræðum. Í tengslum við þá kynningu var útbúið [kynningarmyndband fyrir viðurkenningar meistaraverkefna](#). Þann 7. febrúar 2020 voru kynningar á menntastefnu í vísindaferð fyrir nemendafélög á MVS og Meistaraneðmaviðburður var fyrirhugaður 23. mars 2020 en honum var aflýst sökum samkomubanns.

Tími til að tengja

Þann 18. desember 2019 var haldinn kynningarfundur fyrir kennara og starfsfólk á MVS þar sem menntastefnan, menntastefnuvefurinn og fjölbreytt verkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar voru í brennidepli. Markmiðið var að veita innsýn og skapa tækifæri fyrir nemendur og kennara MVS til að kynnast og tengjast fjölbreyttum verkefnum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í námi sínu, *utan hefðbundins vettvangsnáms*. Innsýnina geta nemendur öðlast með því að: Heimsækja vettvang og/eða höfuðstöðvar SFS, vera gestir/þátttakendur á viðburðum eða að starfsfólk SFS komi í kennslustundir. Yfirlit yfir verkefni má sjá í fskj. 2. Stefnt er að öðrum slíkum viðburði haustið 2020.

Aðrir viðburðir og fundir

SFS skipulagði málstofu á [Menntakviku](#) sem haldin var 5. október 2019 á MVS. Tengiliður MVS við SFS hefur komið á kynningar, fundi með starfsþróunarteymi SFS, stjórnendafundi og aðra viðburði hjá SFS auk þess sem fulltrúar MVS tóku þátt í [tilraunasmiðju um samfélagslega nýsköpun](#) – að kanadískri fyrirmynd – sem fór fram í nóvember 2019. Kanadíska fulltrúarnir sem héldu utan um tilraunasmiðjuna sátu

jafnframt fund með forseta MVS og öðrum fulltrúum sviðsins þar sem markmiðið var að hefja samtál um mögulegt rannsóknarsamstarf MVS, SFS og Kanada. Áformað var að fulltrúar MVS myndu taka þátt í vinnusmiðju með svipuðu fyrirkomulagi í mars 2020 með skólafólki í Reykjavík en af henni varð ekki v. ástandsins sem skapaðist af völdum COVID-19-faraldursins. Tilgangur smiðjunnar var annars vegar að kynna aðferðum við að þróa skapandi lausnir við nýjum áskorunum í skólastarfi og hins vegar að skoða hvernig við getum í sameiningu skapað lifandi lærdómssamfélag sem styður við lýðræðislega þátttöku, umboð til athafna og leiðtogafærni nemenda með velsæld þeirra og samfélagsins til framtíðar að leiðarljósi.

Í lok desember 2019 var haldinn stöðufundur með fulltrúum MVS og SFS ásamt sviðsforsetanum Kolbrúnu Þ. Pálsdóttur og sviðsstjóra SFS Helga Grímssyni. Voru báðir samningsaðilar ánægðir með þann árangur sem náðst hefur í samstarfi, ekki síst með þá nýsköpun sem orðið hefur í miðlun þekkingar og með því að skapa samtál á milli vísinda, fræða og hagnýtingar sem styrkir vafalítið innviði menntunar beggja stofnana.

Þann 18. mars 2020 var fyrirhugað málþing um málefni drengja í samvinnu við MVS en því var frestað til haustsins v. COVID-19.

Námskeið

Samstarfið hefur leitt af sér ný námskeið af ýmsu tagi. Mörg námskeið voru afar vel sótt og var almenn ánægja með efni þeirra og fyrirkomulag en þátttakendur fylla út mat að loknu hverju námskeiði. *Stutt námskeið og fræðslufundir* eru að jafnaði eitt skipti í 1-4 klst. *Lengri námskeið* eru frá því að vera 3-4 skipti í 2-4 klst. í senn og upp í það að vera umfangsmikil námskeið sem ná yfir lengra tímabil, heilt misseri og jafnvel lengur. Sérniðin einingabær námskeið eru námskeið sem búin eru til eftir þörfum starfsfólks í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Námskeiðin eru ýmist til 5 eða 10 ECTS, ná yfir 1 eða 2 misseri og eru sum í grunnnámi en önnur í framhaldsnámi, allt eftir því hver markhópurinn er. Sum námskeiðanna er hægt að taka án eininga og á það við fyrir það fólk sem ekki uppfyllir skilyrði um einingabært háskólanám. Sjá má nánari skilgreiningar á tækifærum til starfsþróunar í fskj. 3 og dæmi um auglýsingu á stuttu námskeiði í fskj. 4.

Stutt námskeið og fræðslufundir

Fyrstu námskeiðin, skipulögð af MVS, í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar voru haldin í maí 2019. Síðan þá hafa fjölmörg námskeið farið fram en nokkrum varð að fresta vegna samkomubanns á COVID-19-tímum.

Yfirlit stuttra námskeiða og fræðslufunda:

- 02.05.2019 – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu.
- 17.05.2019 – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu.
- 28.05.2019 – Sjálfsefning og félagsfærni.
- 12.08.2019 – Heilbrigði; Vellíðan og heilsa.
- 12.08.2019 – Læsi; Leiðir til að efla lestrarhraða, orðaforða og lesskilning.
- 13.08.2019 – Sjálfsefning og félagsfærni.
- 13.08.2019 – Sköpun; Skapandi hugsun og sköpun í verki.
- 25.09.2019 – Sjálfsefning og félagsfærni.
- 08.10.2019 – Leiðsagnarnám; Aðferðafræði leiðsagnarnáms.

- 31.10.2019 – Fræðsla á leikskólastjórafundum; Starfsþróun leikskólastjóra.
- 12.11.2019 – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu.
- 20.11.2019 – Sjálfsefning og félagsfærni.
- 28.11.2019 – Fræðsla á leikskólastjórafundum; Starfendarannsóknir, sjálfsefning og félagsfærni.
- 06.02.2020 – Fræðsla um fjölmenningu á fundi stjórnenda í Breiðholti.
- 11.05.2020 – [Að styrkja ræturnar – Hlúð að líðan](#); fjarfræðsla

Eftirfarandi námskeiðum var frestað v. COVID-19:

- 23.03.2020 – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu.
- 05.04.2020 – Sjálfsefning og félagsfærni út frá jákvæðri sálfræði.
- 17.04.2020 – Sjálfsefning og félagsfærni út frá jákvæðri sálfræði.

Fleiri námskeið voru fyrirhuguð á vormánuðum 2020 svo sem *Vellíðan og heilsuefning* fyrir frístund og grunnskóla, *Leikum af list* fyrir frístundaheimili, leik- og grunnskóla og *Heimsmarkmiðin í textíl – Að spara sporin* fyrir frístund en þau voru ekki sett á dagskrá vegna samkomubanns. Verið er að skipuleggja haustið m.t.t. þessara námskeiða og annarra í ljósi aðstæðna í samfélaginu.

Eftirfarandi námskeið eru framundan og hafa verið dagsett:

- 12.08.2020 – Sumarsmiðjur: Heimsmarkmiðin í textíl – Að spara sporin.
- 12.08.2020 – Sumarsmiðjur: Leikum af list.
- 12.08.2020 – Sumarsmiðjur: Menntun til sjálfbærni, útikennsla, náttúra og umhverfi.
- 12.08.2020 – Sumarsmiðjur: Vellíðan og heilsuefning.
- 13.08.2020 – Grunnskólasprotar: Frístundalæsi
- 30.09.2020 – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu.

Lengri námskeið

Einungis eitt lengra námskeið hefur verið haldið hingað til en dagana 14. og 16. október 2019 fór fram námskeiðið *Árangursríkar og lýðræðislegar aðferðir sem ýta undir jákvæðan bekkjarbrag*. Tvö námskeið eru á dagskrá á næstunni:

- 12.08.2020 – Eflandi kennslufræði: Nýsköpunarmennt til eflingar hugvits og athafna. Hefst á sumarsmiðjum en síðan hittast þátttakendur þrisvar til áramóta.
- 13.08.2020 – Sjálfsefning og félagsfærni út frá jákvæðri sálfræði. Hefst á sumarsmiðjum en síðan hittast þátttakendur þrisvar til áramóta.

Á starfsárinu 2020-2021 er fyrirhugað að bjóða upp á lengra námskeið um *vellíðan og heilsuefningu*. Í deiglunni eru námskeið um *læsi drengja og útivist og útinám*. Auk þess er fyrirhugað að bjóða leikskólafólki og/eða fólki í frístundastarfi upp á námskeið tileinkað *skapandi hugsun og sköpun í verki* eða *nýsköpunarmennt*. Aðrar hugmyndir að námskeiðum fela m.a. í sér *Berum meira úr bítum*, námskeið um skipulag, utanumhald og þróun á þróunar- og nýsköpunarverkefnum þar sem megininntak er að festa í sessi og skipuleggja.

Sérnsniðin einingabær námskeið

Unnið hefur verið að því að þróa sérnsniðin einingabær námskeið fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og hafa nú fimm námskeið verið auglýst, m.a. á [menntastefnuvefnum undir liðnum starfsþróun](#).

Í fyrstu atrennu tókst ekki nægilega vel að vekja áhuga starfsfólks borgarinnar á að taka þátt í sérnsniðnum einingabærum námskeiðum. Eflaust spilar þar stóran þátt að námskeiðið [KME001F Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla](#) sem var í boði á haustmisseri 2019 (10 ECTS) var auglýst um það leyti sem skólahaldi lauk og starfsfólk fór í sumarleyfi auk þess sem framlengd skráning náði ekki augum fólks þar sem skráningarfrestur var um það leyti sem fólk var að koma aftur til vinnu eftir sumarleyfi. Námskeiðið var ætlað öllu starfsfólki grunnskóla og gat fólk ýmist tekið það til eininga eða án. Námskeiðið [KME002F Gleðin í málinu: árangursríkt leik- og grunnskólastarf](#) sem var í boði á vormisseri 2020 (10 ECTS) var ætlað öllu starfsfólki

leik- og grunnskóla en náði heldur ekki tilskyldum fjölda þátttakenda. Til að stuðla að auknum áhuga á námskeiðunum voru lýsingar námskeiðanna endurskoðaðar, markhópur breytt og fleiri aðilum boðið að koma að þessari vinnu en áður. *Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla* var kynnt sérstaklega fyrir þeim sem eru verkefnisstjórar í fjölmenningu og sérkennslustjórum.

Á haustmisseri 2020 eru þrjú námskeið í boði: [Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla \(10 ECTS\)](#), námskeiðslýsing hefur verið uppfærð auk þess sem námskeiðið er nú ætlað leiðbeinendum og kennurum í leik- og grunnskólum en ekki öllu starfsfólki grunnskóla; [Frístundalæsi \(5 ECTS\)](#), nýtt námskeið á grunnstigi ætlað starfsfólki frístundaheimila; [Félagsfærni og sjálfsefning með áherslu á hegðun og bekkjarstjórnun \(5 ECTS\)](#), fyrir starfandi grunnskólakennara og hefst á sumarsmiðjum í ágúst 2020. Sjá dæmi um auglýsingu í fskj. 5.

Einingabært námskeið fyrir stjórnendur grunnskóla og e.t.v. leikskóla er í deiglu. Áformað er að halda námskeiðið veturinn 2020-21. Margir hafa tekið námskeiðið *Fagleg forysta – að leiða breytingar* en hið nýja námskeið má ekki skarast við það ef það á að vera til eininga.

Á vormisseri 2021 verður boðið aftur upp á *Gleðin í málinu: árangursríkt leik- og grunnskólastarf* en lýsingu námskeiðsins er verið að endurskoða. Stefnt er að því að

þjóða einnig upp á námskeið í *upplýsingatækni* fyrir grunnskólakennara og *NaNO-náttúrufræði og heimsmarkmiðin*, sem verður kynnt á sumarsmiðjum, en lýsing þeirra er í smíðum. Námskeiðin verða auglýst í lok október eða byrjun nóvember 2020.

Mikilvægt er að ná að vekja athygli á þessum námskeiðum, ekki síst til grunnskólakennara því þreyttar einingar í háskólanámi er hægt að nýta til að hækka laun eins og segir í [kjarasamningi grunnskólakennara](#) sem er í gildi til 30. júní 2019:

Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnnám til B.Ed prófs eða annað sambærilegt bakkalárpróf fær starfsmaður með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla 2% persónuálag, enda nýtist námið í starfi hans. Sama gildir um náms- og starfsráðgjafa sem hafa leyfi til að starfa sem slíkir.

Hugmyndir eru uppi um fleiri námskeið t.d. námskeið um sjálfsefningu og félagsfærni þar sem áhersla væri á teymisvinnu og samstarf sem og námskeið um íslenskukennslu barna af erlendum uppruna. Það væri áhugavert að mynda lærdómssamfélag um þróun einingabærra námskeiða eða nýta fund með lærdómssamfélagi um sjálfsefningu og félagsfærni til að móta áætlun fyrir einingabært námskeið um þennan þátt.

Opin námskeið

Opin námskeið eru einingabær námskeið á námsleiðum MVS og eru opin fólki af vettvangi. Skráning fer fram tvisvar á ári og síðustu þrjú skráningartímabil hefur starfsþróunarstjóri MVS tengt þau öll við áherslur menntastefnunnar. Þessum upplýsingum er komið á framfæri á [menntastefnuvefnum undir liðnum starfsþróun](#).

Í fskj. 6 má sjá lista yfir opin námskeið á haustmisseri 2020 flokkuð eftir áherslum menntastefnunnar en þau eru tæplega sextíu talsins nú og hafa aldrei verið jafn mörg.

Önnur tækifæri til starfsþróunar

Menntabúðir

Til að bregðast við þeim óvenjulegu aðstæðum sem sköpuðust vegna samkomubanns stóðu kennarar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri að fjarmentabúðum sem nefndust [Frjóir fimmtudagar](#) og fóru fram dagana 26. mars, 16. apríl og 7. maí 2020. Þær voru fyrir kennara, stjórnendur og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Menntabúðirnar voru haldnar í samvinnu við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Menntamálastofnun, Kennarasamband Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Menntamiðju.

Lærdómssamfélög

Markmiðið er að byggja upp fræðslu og stuðning við starfsstaði með hugmyndafræði Lærdómssamfélagsins að leiðarljósi. Fulltrúi MVS hafði það hlutverk að setja af stað hópa út frá grundvallarþáttum menntastefnunnar, nokkurs konar námskeið þar sem sami hópurinn átti að hittast 4-5 sinnum. Skilyrði var að þátttakendur væru að vinna að þróunarverkefnum um félagsfærni, sjálfsefningu o.s.frv. Farið var af stað með tvo hópa haustið 2019 og skoða átti aðra hópa eftir áramót. Hugmyndin var sú að fulltrúar frá skrifstofu SFS yrðu með og myndu læra aðferðarfræðina við að halda utan um lærdómssamfélagshópa. Fulltrúar frá MVS kæmu mögulega inn á fundina með fræðslu eða kynningu en annars yrði unnið út frá lesefni og samstarfsverkefnum.

Lærdómssamfélag leikskólastjóra hittist fyrst 19. sept. 2019 ásamt fulltrúa frá MVS sem stýrði umræðum. Markmiðið var að skapa lærdómssamfélag um faglega þætti leikskólastarfsins. Verkefnið er unnið í samvinnu við deildarstýru NýMið sem hitti hópinn mánaðarlega og tók þátt í samfélaginu sem „gagnrýnninn vinur“ (e. critical friend) en fulltrúar úr leikskólastjórahópnum skiptust á að skipuleggja og undirbúa fundi. Hópurinn taldi í kringum 20 virka þátttakendur þvert á borgina og var duglegur að deila sín á milli og miðla fræðilegu efni.

Þeir þættir sem flestir starfsstaðir hafa unnið að á skólaárinu í tengslum við þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs eru sjálfsefning og félagsfærni. Í ljósi þess var ákveðið að setja af stað *Lærdómssamfélag um sjálfsefningu og félagsfærni* þar sem fulltrúum þessara starfsstaða var boðið að taka þátt og senda 1-2 fulltrúa. Verkefnið var auglýst til þátttöku síðla árs 2019 og settir voru af stað, tveir hópar þvert á starfsstöðvar þar sem markmiðið er að tengja saman starfsstaði sem eru að vinna að sambærilegum verkefnum og skapa vettvang fyrir starfsfólk til að hittast og læra með og af hverju öðru. Hóparnir hittust fyrst 20. og 21. janúar 2020, voru mjög fámennir og verkföll Eflingar sem og COVID-19 settu strik í reikninginn þannig að ekki tókst að halda hópunum gangandi. Ákveðið hefur verið að endurskoða fyrirkomulagið og fara af stað með öðru fyrirkomulagi haustið 2020. Sökum COVID-19 hefur sú vinna verið sett á ís í bili en þráðurinn verður tekinn upp á ný við undirbúning starfsársins 2020-2021 að loknum sumarleyfum. Hér má skoða hvort nýta megi hópana – skóla sem eru að vinna þróunarverkefni um félagsfærni og sjálfsefningu – til að skipuleggja frekari tækifæri til starfsþróunar hvort sem um er að ræða lengri námskeið eða sérsniðin námskeið til eininga.

Leiðsagnarnám

SFS óskaði eftir því að fá einstakling frá MVS til að koma að fræðslu í vetur til að tengja saman menntastefnu borgarinnar og aðferðafræði leiðsagnarnáms fyrir hóp sem kallast þekkingarskólar í leiðsagnarnámi. Fræðslan var út frá samningi sem var gerður árið 2019 á milli SFS og MVS um leiðsagnarnámið. Fulltrúi frá MVS var með fræðslu fyrir hópinn þann 8. október 2019.

Á vormánuðum áttu fulltrúar MVS og SFS samtal um þróun leiðsagnarnámsins og aðkomu þeirra að verkefninu. Samkomulag er um að fulltrúar MVS taki virkan þátt í frekari þróun á námskeiðinu og komi að kennslu á því. Nánari útfærsla á aðkomu þeirra er í vinnslu.

Samstarf MVS og SFS í þróunar og nýsköpunarverkefnum

Eins og kemur fram hér að framan hefur mikil áhersla verið lögð á að kynna menntastefnu Reykjavíkurborgar og starfsemi SFS á vettvangi MVS. Liður í þeirri kynningu voru Stefnumót fræðafólks og stjórnenda sem haldin voru 2019 og 2020 í tengslum við kynningar á þróunar- og nýsköpunarsjóðnum „Látum draumana rætast“. Í [reglum sjóðsins um B-hluta](#) samstarfsverkefni er kveðið á um að verkefni skulu unnin í samstarfi við fræðasamfélagið eða byggja á rannsóknum. Niðurstaðan varð sú að bæði árið 2019 og 2020 var stór hluti verkefna unnin í samstarfi við fræðafólk á Menntavísindasviði.

Árið 2019 bárust 40 umsóknir í B-hluta sjóðsins. 18 verkefni fengu styrk og af þeim voru 10 verkefni unnin í samstarfi við fræðasamfélagið:

- **Draumasviðið – tækifæri sköpunar** Samstarfsverkefni Tjarnarinnar/100 og 1, Austurbæjarskóla og Háskóla Íslands, rannsóknarsamstarf.
- **Markviss íslenskukennsla fjöltyngdra nemenda** Samstarfsverkefni Foldaskóla, Hamraskóla, Húsaskóla, frístundaheimilanna Simbaðs, Regnbogalands og Kastala og MVS Háskóla Íslands. Samstarf um fræðslu.
- **Mikilvægi gagnreyndra aðferða í félagsmiðstöðvastarfi** Samstarfsverkefni frístundamiðstöðvanna Kringlumýrar og Miðbergs, Vinnuskólans og MVS Háskóla Íslands.
- **Siðfræðikennsla í frístundastarfi** Samstarfsverkefni frístundaheimilisins Undralands, frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og MVS Háskóla Íslands. Fræðsla og ráðgjöf.
- **Allir með – valnámskeið** Samstarfsverkefni Hagaskóla, Laugalækjarskóla, Frosta félagsmiðstöðvar og Kolbrúna Þ. Pálsdóttur MVS Háskóla Íslands.
- **Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag** Samstarfsverkefnis sex leikskóla víðs vegar í borginni og unnið er í samstarfi við RannUng MVS Háskóla Íslands.
- **Vísindaleikir – varmi og hitastig** Samstarfsverkefni tveggja leikskóla; Bjartahlíðar og Stakkaborgar og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- **Skapandi námssamfélag í Breiðholti.** Verkefnið er samstarfsverkefni Fab Lab Reykjavík (þjónustumiðstöðvar Breiðholts), Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla, MVS Háskóla Íslands, Fjölbrotarskólans í Breiðholti, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, RG Menntaráðgjafar og Vísindasmiðju HÍ.
- **Austur-Vestur sköpunar og tæknismiðjur.** Verkefnið er samstarfsverkefni Ingunnarskóla, Vesturbæjarskóla, Selásskóla og Háskóla Íslands og snýst um sköpunar og tæknismiðjur í grunnskólastarfi. Unnið í samstarfi við rannsakendur á MVS.
- **Skólafélagsfærni PEERS** Samstarfsverkefni nokkurra grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, þjónustumiðstöð hverfisins ásamt einni félagsmiðstöð og einu frístundaheimili. Fræðsla skipulögð í samstarfi við HÍ.

Árið 2020 bárust alls 24 umsóknir í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðsins. Tíu verkefni hlutu styrk og eru átta verkefni af þeim unnin í samstarfi við fræðasamfélagið:

- **Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag** er samstarfsverkefni fjögurra leikskóla sem dreifast um borgina og er unnið í samstarfi við RannUng.
- **Vertu velkomin/nn í hverfið okkar – Viltu tala íslensku við mig?** er samstarfsverkefni allra grunnskólanna í Grafarvogi og Kjalarnesi og er unnið í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Íslenskuþorpið. Þetta verkefni hefur ekki fengið styrk áður.
- **Austur-Vestur** snýr að sköpunar- og tæknismiðjum í grunnskólastarfi. Það er samstarfsverkefni Ingunnarskóla, Vesturbæjarskóla, Selásskóla og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Um framhaldsverkefni er að ræða.
- **Lærdómssamfélag stærðfræðikennara undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga** er samstarf Dalskóla, Fossvogsskóla og Vesturbæjarskóla og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

- **Frístundafræðingur á miðstigi** er leitt af frístundafræðingi í Gufunesbæ. Markmið verkefnisins er að efla félagsfærni, félagstengsl, sjálfsmynd og virkja þátttöku barna í Borga- og Engjaskóla og meta félagsleg tengsl eftir að þau koma í Víkurskóla.
- **Öll sem eitt!** er samstarfsverkefni allra frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Samtakanna 78. Helsta markmið verkefnisins er að stuðla að bættri líðan hinsegin barna og unglunga með því að bregðast við þeim auknu þörfum á þjónustu við hinsegin börn og unglunga sem við stöndum frammi fyrir í skólum og félagsmiðstöðvum.
- **VAXANDI** er unnið í samstarfi frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og þeim frístundamiðstöðvum og félagsmiðstöðvum sem undir hana heyra, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Núvitundarsetrið. Unnið er að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og trú á að ná árangri.

Á síðu menntastefnunnar má finna [upplýsingar um öll þróunarverkefni sem fengið hafa styrk](#) úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs SFS.

Í einhverjum tilfellum var um ráðgjöf og samstarf vegna fræðslu, þróunar og innleiðingar á verkefnum að ræða en í öðrum verkefnum var unnið að rannsóknum samhliða innleiðingu verkefna. Hægt er að skoða [lokaskýrslur verkefna](#) og aðkomu fræðafólks að einstaka verkefnum á vef menntastefnunnar þar sem þær eru vistaðar jafnóðum og þær berast.

Skipulagið framundan

Áfram verður unnið að því að fjölga fræðslutilboðum og auka fjölbreytnina þannig að starfsfólk allra starfsstöðva SFS finni eitthvað við sitt hæfi og fái tækifæri til starfsþróunar. Líkt og hingað til mun starfið grundvallast á Menntastefnu Reykjavíkurborgar og byggja á gögnum um óskir kennara og starfsfólks um starfsþróun. Litið verður til niðurstaðna þeirra rannsókna sem til eru á starfsþróun í skóla- og frístundastarfi. Skipulag námskeiða á starfsárinu 2020-2021 er hafið.

Huga þarf að því hvernig við nýtum PISA-niðurstöður fyrir fólk af vettvangi. Í framhaldi af fundi SFS með MVS kom fram ósk um sérstakan fund um málefni Reykjavíkur og niðurstöður PISA. Fundurinn var fyrirhugaður í mars 2020 en var slegið á frest v. samkomubanns af völdum COVID-19. Fundurinn átti að vera í formi smiðju skv. aðferðarfræði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem fulltrúar SFS og MVS, Menntamálastofnunar og skólastjórnenda í samvinnu við fulltrúa frá Edmonton Alberta í Kanada og Dr. Pasi Sahlberg tæku fyrir þessi málefni.

Framundan eru fundir með stjórnendum og starfshópi SFS um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara sem skipaður var í mars 2019. Tilgangur fundanna er m.a. að ræða skipulag fræðslu. Einnig er mikilvægt að koma á samtali við Kennarafélag Reykjavíkur og Kennarasamband Íslands um starfsþróun.

Ljóst er að hertar reglur vegna COVID-19 geta haft áhrif á framvinduna í skipulagi fræðslu, viðburða og starfsþróunar. Lagt verður kapp á að gera það sem hægt er til að koma í veg fyrir að viðburðir og fræðsla falli niður en verði í stað þess fluttir í fjarfundaform, frestað eða boðið upp á þá oftast fyrir smærri hópa. Áætlinin hér fyrir neðan getur því breyst í samræmi við það.

2020

- Grunnskólasprotar 11.-13. ágúst.
- Sumarsmiðjur fyrir grunnskólakennara 12. og 13. ágúst.
- Nýnemadagar í ágúst.
- Félagsfærni og sjálfsefning með áherslu á hegðun og bekkjarstjórnun, námskeið til eininga.
- Frístundalæsti, námskeið til eininga.
- Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla, námskeið til eininga.
- Strákar og jafnrétti, ráðstefna 9. september.
- Menntakvika 2. október.
- Meistaranevniðburður í okt./nóv.
- Tími til að tengja – viðburður fyrir starfsfólk og kennara Menntavísindasviðs.

2021

- Gleðin í málinu: árangursríkt leik- og grunnskólastarf, námskeið til eininga.
- UT-námskeið til eininga.
- NaNO-náttúrufræði og heimsmarkmiðin, námskeið til eininga.
- Stefnumót í febrúar.
- Vorblót á Menntastefnumóti í Hörpu 10. maí.

Yfirlit fjármála

Skv. samningnum greiðir SFS kostnað við verkefnastjórnun samtals 11.000.000 á ársgrundvelli sem skiptist í, skipulag og utanumhald námskeiða (skv. lýsingu í fylgiskjali 2 í samningnum) og ráðgjöf og faglega leiðsögn sérfræðinga til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi allt að 260 klst. (390 kest.). Greitt er sérstaklega fyrir sérsniðin námskeið fyrir starfsfólk SFS (laun til kennara og stofur) auk þess sem greitt er sérstaklega fyrir sérsniðin einingabær námskeið þannig að þátttakendur greiða skráningargjald í HÍ sem stendur undir kostnaði við kennslu og húsnæði.

Verkpáttur	Greitt	Ógreitt
Verkefnisstjórnun:	5.500.000 kr.	
Ráðgjöf og fagleg leiðsögn:		157.500 kr.
Sérsniðin námskeið:	1.133.000 kr.	
Samtals	6.633.000 kr.	157.500 kr.

Lítið hefur verið sótt í beina ráðgjöf og faglega leiðsögn í gegnum samstarfið en töluverð ráðgjöf hefur komið í gegnum B-hluta verkefni þróunar- og nýsköpunarsjóðs sem má lesa nánar um í kaflanum **Samstarf MVS og SFS í þróunar og nýsköpunarverkefnum**. Skoða mætti fleiri leiðir til að kynna þennan möguleika starfsstöðva og stuðla að betri nýtingu hans.

Í gegnum samstarfið hefur SFS notið góðs af því að viðburðir sem hafa verið haldnir í húsnæði MVS sem hluti af samstarfinu hafa verið SFS að kostnaðarlausu þar sem MVS hefur tekið þann kostnað á sig, má í þessu samhengi nefna Vorblót, stefnumót og sumarsmiðjur.

Að lokum

Ljóst er að ávinningur beggja samstarfsaðila er góður. Almenn ánægja ríkir meðal þátttakenda með þá fræðslu farið hefur fram í samstarfi SFS og MVS en í lok námskeiða og fræðslu fylla þátttakendur út matslista. Þátttaka í stuttum námskeiðum hefur verið einstaklega góð og einnig skráningar á námskeið í Sumarsmiðjum grunnskólakennara sem hefur aldrei verið eins mikil og í ár.

Eitt af samstarfsverkefnum hefur falist í þróun á sérsniðnum einingabærum námskeiðum. Ekki hefur tekist nægilega vel að tryggja skráningu í þau námskeið og er það eitt af áframhaldandi verkefnum að fjölga þeim sem velja starfsþróun sem gefur einingar enda koma þreyttar einingar til hækkunar á launum. Aukið samstarf og samtal, fjöldi heimsóknna og sameiginleg sýn á menntun og starfsþróun hefur skilað sér á fjölbreyttan hátt inn í umræðu um menntamál. Dæmi um það eru verkefni sem nemar á MVS hafa unnið og tengjast starfsemi SFS, þátttaka MVS í þróunar- og nýsköpunarverkefnum, raddir Reykvískra kennara í átaksverkefninu „Komdu að kenna“ og sýnileiki skóla- og frístundastarfs á Menntavísindasviði. Allt hefur þetta áhrif á umræðu um menntun og starfsþróun á landinu öllu og má leiða líkum að því að það samstarf sem hefur átt hefur sér stað spili m.a. inn í mikla fjölgun á milli ára í umsóknum í grunnnám á MVS. Þetta er um leið einn mælikvarðinn á þá almennu aðgerð við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi, efla kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir við að hvetja fólk til starfa.

Fyrir skólaárið 2020-21 fjölgaði umsóknum í grunnnám á MVS um 32% m.v. árið á undan. Alls bárust 980 umsóknir í grunnnám. Fjölgun varð í öllum deildum, sjá nánar fskj. 7. Vænta má að með þessu áframhaldi takist smátt og smátt að snúa þeirri þróun við sem orðið hefur í skólum borgarinnar með fækkun fagfólks en sú vegferð er rétt að hefjast og mikilvægt að ekki verði slakað á í þeirri vinnu.

Það hefur verið afar lærdómsríkt að vinna markvisst að aukinni starfsþróun og menntun í samstarfi SFS og MVS og tækifæri til að gera enn betur. Starfsþróun kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi sem og fjölgun fagfólks er hinsvegar gríðarstórt samstarfsverkefni sem nær til allra sveitarfélaga, ráðuneytis, fagfélaga og starfsstaðanna sjálfra. Huga þarf að heildarsamvirkni framboðs á starfsþróun og tækifæra starfsfólks til þess að sækja sér fræðslu á starfstíma sem víða eru takmörkuð. Um leið þarf að skilgreina betur hvað felst í starfsþróun einstakra kennara út frá þeirra sérsviði annarsvegar og hvað felst í starfsþróun sem hefur bein áhrif á þróun- og nýsköpun í skóla- og frístundastarfi hinsvegar.

Eins og annarsstaðar í samfélaginu hafa skapast miklar áskoranir varðandi framboð og tækifæri til starfsþróunar nú á tímum COVID-19. Öllum áskorunum fylgja tækifæri líkt og sannaðist þegar Sumarsmiðjur fyrir grunnskólakennara í ágúst 2020 voru endurskipulagðar frá grunni og boðið var upp á Fjarmenntabúðir á vormánuðum en SFS og MVS komu að þessari vinnu. Við munum áfram leitast við að skapa sem fjölbreyttust tækifæri til þróunar- og nýsköpunar í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í góðri samvinnu MVS og SFS með lausnir og sveigjanleika að leiðarljósi.

Fylgiskjöl

Látum draumana rætast

Þróunar- og nýsköpunarsjóður
skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur



Kæra samstarfsfólk!

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur bjóða til stefnumóts fræðafólks úr háskólasamfélaginu og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Stefnumótið verður í stofu H-207 í húsnæði Menntavísindasviðs v. Stakkahlíð, mánudaginn 10. febrúar, kl. 13:30-15:00.

Á stefnumótinu verður [Þróunar- og nýsköpunarsjóður Skóla- og frístundaráðs: „Látum draumana rætast“](#) fyrir árið 2020 kynntur, nefnd dæmi um áhugaverð samstarfsverkefni sem hlutu styrk árið 2019 og svigrúm gefið fyrir samtal stjórnenda og fræðafólks um rannsóknarsamstarf.

Umsóknarfrestur fyrir stærri samstarfsverkefni í B-hluta sjóðsins er til og með 1. mars 2020. Í stærri samstarfsverkefnum verður gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis. **Í þeim verkefnum þarf að gera grein fyrir hvernig verkefnið tengist rannsóknum eða inniber samstarf við háskólasamfélagið.** Sá hluti sjóðsins mun úthluta alls 50 milljónum króna.

Við hvetjum fræðimenn og doktorsnema sviðsins til að mæta og kynna sér sjóðinn og taka þátt í samtali við stjórnendur í skóla- og frístundastarfi um möguleika til samstarfs og rannsókna um leið og stjórnendur SFS eru hvattir til að nýta tækifærið.

Til að áætla fjöldann eru áhugasamir vinsamlegast beðnir um að skrá sig í síðasta lagi fyrir kl. 16 föstudaginn 7. febrúar.

[Skráning á stefnumót um þróunarstarf, nýsköpun og rannsóknir](#)

Kær kveðja

Kolbrún Pálsdóttir forseti Menntavísindasviðs

Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála hjá SFS



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ





Tími til að tengja

Innsýn í starfsemi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Nýverið var undirritaður samningur um starfsþróun milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (MVS) og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS). Samningurinn er liður í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Í samningnum er lögð áhersla á samstarf í víðu samhengi þar sem m.a. er leitast við að gera skóla- og frístundastarf í borginni sýnilegt á vettvangi Menntavísindasviðs.

Liður í því er að veita innsýn og skapa tækifæri fyrir nemendur MVS til að kynnast og tengjast fjölbreyttum verkefnum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í námi sínu, *utan hefðbundins vettvangsnáms*. Innsýnina geta nemendur öðlast með því að: Heimsækja vettvang og/eða höfuðstöðvar SFS, vera gestir/þátttakendur á viðburðum eða að starfsfólk SFS komi í kennslustundir. Meðal verkefna, viðburða og fræðslutilboða í *Tími til að tengja* eru:

- [Menntastefna Reykjavíkur – „Látum draumana rætast“](#)
- [Starfsemi skóla- og frístundasviðs](#)
- [Upplýsingatækni](#)
 - Menntabúðir, [Búnaðarbankinn](#), [Mixtúra](#), Tæknikistur leikskóla
- [Réttindaskólar og réttindafrístund](#)
 - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skóla- og frístundastarfi
- [Opinskátt um ofbeldi](#)
- [Jafnréttisskólinn](#)
 - Kynjajafnrétti, staðalmyndir, félagsmótun, líkamsímynd, áhrif klámvæðingar ofl.
- Barnamenning
 - [Skrekkur](#), [Barnamenningarhátíð](#), [Innblástur](#), [Sögur](#)
- Listfræðsla
 - Starfsemi skólahljómsveita, samstarf við listaskóla
- [Mat á skóla- og frístundastarfi](#)
- [Alþjóðasamstarf og styrkir](#)
- [Fjölmennning](#)
- [Leiðsagnarnám](#)
- [Útivist og útinám](#)
- [Mál og læsi](#)
- [Forvarnarmál og lýðheilsa](#)
- Stuðningur við börn í skóla- og frístundastarfi
- [Starfsemi ungmennaráða](#) og [Reykjavíkurráðs ungmenna](#)

Tengiliður skóla- og frístundasviðs við MVS er [Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra nýsköpunarmiðu menntamála](#). Vinsamlegast sendið fyrirspurnir um tengingar við verkefni og viðburði á frida.b.jonsdottir@reykjavik.is



Starfspróun á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur

Liður í innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur er að efla starfspróun með aukinni fræðslu og ráðgjöf. Hluti af því felst í markvissu samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hér er leitast við að gera grein fyrir eðli og markmiðum ólíkra tegunda af námskeiðum og fræðslu sem boðið er upp á fyrir þátttakendur frá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs en nánari upplýsingar um starfspróun er að finna á <https://menntastefna.is/starfsthroun/>.



Stutt námskeið - fræðslufundir

Stutt námskeið og fræðslufundir um tiltekin málefni s.s. eins og grundvallarþætti menntastefnu. Markmiðið að vekja athygli á góðum verkefnum og kveikja hugmyndir.



Lengri námskeið

Afmörkuð viðfangsefni tekið fyrir yfir lengri tíma. Þátttakendur hittast reglulega og vinna verkefni á sínum starfsstöðum á milli þess. Markmiðið að þátttakendur prófi nýja hluti, endurbæti og þrói starfs- og kennsluhætti.



Lærdómssamfélag

Starfsfólk sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn hittist reglulega, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til umbóta og árangurs. Markmiðið er að skapa vettvang til að tengja saman starfsfólk, styrkja jafningjafræðslu, efla traust og samvinnu þvert á starfsstaði.



Menntabúðir

Menntabúðir eru óformlegur vettvangur þar sem starfsfólk hittist, deilir hugmyndum og reynslu og myndar tengsl. Markmiðið er að skapa tækifæri fyrir starfsfólk til að miðla þekkingu, reynslu og tækni maður á mann með virkri þátttöku og upplifun.



Ráðstefnur og málþing

Á ráðstefnum og málþingum er leitast við að miðla nýjustu rannsóknum sem og fyrirmyndarverkefnum í skóla- og frístundastarfi. Markmiðið er að tengja markvisst saman fræði og framkvæmd.



Einingabær námskeið á Menntavísindasviði

Einingabær námskeið eru ætluð því starfsfólki SFS sem hefur lokið B.Ed. eða sameiginlegri prófgráðu. Námskeiðin eru sérsniðin út frá áherslum menntastefnu og er leitast við að tímasetningar námskeiða henti starfandi kennurum og starfsfólki. Markmiðið er að efla faglega starfspróun og hækka laun.



Sjálfsefning og félagsfærni

Námskeið haldið í samvinnu við
Menntavísindasvið HÍ



*Markhópur: starfsfólk skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
Miðvikudaginn 20. nóvember kl. 8:30-12:00, Hlöðunni Gufunesbæ*

Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor emeríta við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Sigrún fjallar um mikilvægi félagsfærni fyrir börn og ungmenni bæði í samtíð og þegar til framtíðar er litið. Hún tengir hugtakið félagsfærni við hugtakið samskiptahæfni og greinir frá niðurstöðum rannsókna sinna á því hvernig samskiptahæfni ungmenna tengist ýmsum öðrum þroskápáttum þeirra, líðan og hegðun. Fjallað verður um það hvernig hægt er að efla samskiptahæfni heima fyrir og í skólasterfi en í því samhengi er lögð sérstök áhersla á þróunarverkefni sem miða að því að skapa lærdómssamfélag. Þar gefst kennurum og skólastjórnendum tækifæri til að ígrunda eigin uppeldis- og menntasýn og ýta undir samráð og samvinnu. Gefin verða dæmi um verkefni sem miðar að því að hlúa að félags- og tilfinningaþroska.

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, sálfræðingur þjónustumiðstöð Breiðholts

Gyða mun fjalla um forvarna- og þróunarverkefnið Skólatengsl sem er samstarfsverkefni milli þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Hólabrekkuskóla. Fjöldi rannsókna hefur sýnt að tengsl nemenda við fullorðna fólkið í skólanum eru forsenda námsárangurs og grundvöllur að styðjandi og jákvæðum skólabrag. Auk þess benda rannsóknir til þess að nemendur sem tengjast skólanum sínum hafi forskot á ýmsum sviðum s.s. að þau nái meiri námsárangri, séu síður líkleg til ýmiss konar áhættuhegðunar og finni almennt fyrir meiri vellíðan. Farið verður yfir ýmsar leiðir sem kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi getur nýtt til þess að stuðla að auknum tengslum við börn og áhersla lögð á sjálfsgefningu bæði starfsfólks skóla og nemenda.

Hagnýt verkefni af vettvangi:

- **Brynja Helgadóttir og Kristín Dóra Ólafsdóttir Essið** - sértækt hópstarf í félagsmiðstöðinni Frosta. Sagt verður frá verkefni þar sem stúlkur í 10. bekk unni markvisst ásamt leiðbeinendum sínum að því að auka sjálfskilning, skapandi hugsun og sjálfsmildi m.a. í gegnum dagbókarskrif.
- **Arnrún Magnúsdóttir leikskólakennari.** – Lausnarhringurinn í leikskólanum Brákarborg. Fjallað verður um Lausnarhringinn sem unninn er út frá verkefninu „Jákvæður agi“ en elstu börnin unnu að lausnarhringnum þar sem kemur fram hvernig vinna þarf með samskipti.
- **Fríða Bjarney Jónsdóttir** deildarstýra Nýsköpunarmiðju – Gefðu 10, aðferð til að efla tengsl, virka þátttöku og samræður í fjöltyngdum barnahópum

Vinsamlegast skráið þátttöku fyrir 18. nóvember

<https://forms.gle/Atgv47LStnv8SmyaA>



Frístundalæsi

Gildi markvissra starfshátta með mál og læsi á vettvangi frístundaheimila

Tilgangur námskeiðsins er að efla hæfni þátttakenda til að tileinka sér og innleiða ólíkar tegundir læsis í starfi með 6-9 ára gömlum börnum. Handbókin og heimasíðan [Frístundalæsi](#) er grunnur námskeiðsins og unnið verður með sjö ólíkar læsistegundir: Félagslæsi, lista- og menningarlæsi, miðlalæsi, samfélagslæsi, náttúru- og umhverfislæsi, vísindalæsi og heilsulæsi. Eigin reynsla þátttakenda úr starfi verður verkfæri í náminu, þeir halda starfstengda dagbók, ræða efni námskeiðsins við samnemendur og verða hvattir til að miðla þekkingu sinni til samstarfsfólks.

MARKHÓPUR

Starfsfólk frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Fólk sem uppfyllir ekki kröfur um grunnnám í háskóla getur tekið námskeiðið án eininga.

TÍMI OG VINNULAG

Námskeiðið er kennt í staðnámi á haustmisseri 2020. Kennslustundir fara ýmist fram í húsnaði Menntavísindasviðs, utandyra eða á vettvangi reykviskra frístundamiðstöðva. Verkefni námskeiðsins verða fjölbreytt og unnin í teyrum, þörum sem og einstaklingslega.

SKRÁNING, SKRÁNINGARGJALD OG EININGAR

15. ÁGÚST Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig í gegnum [skráningarsíðu Starfsþróunar MVSt](#).

55.000 KR. Skráningargjald er 55.000 kr.* Gjaldþagi er 24. ágúst.

5 ECTS Námskeiðið gefur 5 ECTS á grunnstigi.

Námskeiðslýsing í kennsluskrá: <https://bit.ly/3doW3yL>

* Fólk skráð í HÍ þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir þetta námskeið. Nánari upplýsingar um skráningargjöld á [skráningarsíðu](#).



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Fylgiskjal 6

[Nánari upplýsingar og skráning](#)

Opin námskeið á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, haustmisseri 2020

Námskeiðin eru öll einingabær, ýmist í grunn- eða framhaldsnámi. Framhaldsnámskeið (F eða M) eru ætluð fólki sem lokið hefur fullgildri bakkalárgráðu, að lágmarki, á þeim fræðasviðum sem Menntavísindasvið menntar. Fólk sem hefur ekki fullgilda bakkalárgráðu getur sótt um inntöku í grunnnámskeið (G eða M).

Leikskóli	Fagmennska og samstarf	✓ <u>Hagnýt matsfræði í skólum, uppeldisstarfi og heilbrigðisþjónustu, 10e, F</u> ✓ <u>Starfstengd leiðsögn – leiðsagnarhlutverkið, 10e, F</u> ✓ <u>Einelti, forvarnir og inngrip, 10e, M</u> ✓ <u>Fjölskyldumiðuð snemmtæk íhlutun: Hugmyndafræði og starfsaðferðir, 10e, M</u> ✓ <u>Barnavernd - hvað er börnum fyrir bestu?, 10e, F</u> ✓ <u>Þróunarstarf í menntastofnunum, 10e, F</u> ✓ <u>Kennsla í margbreytilegum nemendahópi, 10e, F</u>
	Læsi	✓ <u>Mál og lestrarerfiðleikar, 10e, F</u> ✓ <u>Tvítýngi og læsi, 10e, F</u>
	Sköpun	✓ <u>Gildi leiklistar - framkvæmd og fræði, 10e, M</u> ✓ <u>Leikir í frístunda- og skólastarfi, 5e, G, kennt á laugardögum</u> ✓ <u>Leikur og tækni, 5e, G</u>
	Önnur námskeið	✓ <u>Fjölmenningsarsamfélag og skóli: Hugmyndafræði og rannsóknir, 10e, F</u>
Grunnskóli	Fagmennska og samstarf	✓ <u>Hagnýt matsfræði í skólum, uppeldisstarfi og heilbrigðisþjónustu, 10e, F</u> ✓ <u>Starfstengd leiðsögn – leiðsagnarhlutverkið, 10e, F</u> ✓ <u>Fjölskyldumiðuð snemmtæk íhlutun: Hugmyndafræði og starfsaðferðir, 10e, M</u> ✓ <u>Einelti, forvarnir og inngrip, 10e, M</u> ✓ <u>Barnavernd - hvað er börnum fyrir bestu?, 10e, F</u> ✓ <u>Fjölmennings og tungumálakennsla, 10e, G</u> ✓ <u>Þróunarstarf í menntastofnunum, 10e, F</u> ✓ <u>Upplýsingatækni í menntun og skólabróun, 10e, F</u> ✓ <u>Kennsla í margbreytilegum nemendahópi, 10e, F</u>
	Félagsfærni og sjálfsefning	✓ <u>Lífsleikni - sjálfið, 5e, F</u> ✓ <u>Lífsleikni og siðfræði, 5e, G</u>
	Heilbrigði	✓ <u>Sérfræði og matur við sérstök tækifæri, 10e, M, takmarkaður fjöldi</u> ✓ <u>Hugur, heilsa og heilsulæsi, 10e, M</u>
	Læsi	✓ <u>Læsi og leshömlun (dýslexía) í tungumálanámi, 10e, M</u> ✓ <u>Mál og lestrarerfiðleikar, 10e, F</u> ✓ <u>Tvítýngi og læsi, 10e, F</u>
	Sköpun	✓ <u>Gamalt handverk í skólastarfi, 10e, M</u> ✓ <u>Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf, 10e, F</u> ✓ <u>Gildi leiklistar - framkvæmd og fræði, 10e, M</u> ✓ <u>Hönnun glerhluta, 5e, G</u> ✓ <u>Hönnun nytjahluta, 5e, G</u> ✓ <u>Leikir í frístunda- og skólastarfi, 5e, G, kennt á laugardögum</u>

		✓ <u>Leiklistarbræðingur - miðlunarleiðir leiklistar, 10e, G</u> ✓ <u>Leikur og tækni, 5e, G</u> ✓ <u>Nám og nýir miðlar, 5e, G</u> ✓ <u>Nýsköpun í textíl, 10e, G</u> ✓ <u>Tónlistin og heilinn, 10e, M</u>
		✓ <u>Að kenna um bylgjur, ljós, hljóð og umhverfi, 5e, M</u> ✓ <u>Að kenna um rafmagn og segulmagn, 5e, G</u> ✓ <u>Algebra og föll, 10e, G</u> ✓ <u>Algebra og strjál stærðfræði, 10e, M</u> ✓ <u>Kennslufræði jarðvísinda, 5e, M</u> ✓ <u>Rannsóknir og þróun í náttúrufræðimenntun, 5e, M</u> ✓ <u>Samspil lífvera og umhverfis, 5e, G</u> ✓ <u>Stærðfræði fyrir alla, 10e, F</u> ✓ <u>Átaksvæði í heiminum – áskoranir fjölmennningar, 5e, G</u> ✓ <u>Félagsfræði og saga menntunar, 10e, G</u> ✓ <u>Fjölmenningsarsamfélag og skóli: Hugmyndafræði og rannsóknir, 10e, F</u> ✓ <u>Heimspeki og hugmyndasaga menntunar, 10e, G</u> ✓ <u>Íslensk listasaga, söfn og menntun, 10e, G</u> ✓ <u>Mótandi afl: Um samfélagsáhrif samfélagsgreina, 10e, M</u> ✓ <u>Bókmenntir, þjóðerni og menning, 5e, G</u> ✓ <u>Enskt mál og málnotkun, 10e, G</u> ✓ <u>Inngangur að enskukennslu, 10e, G</u> ✓ <u>Mál, skóli og samfélag, 5e, G</u> ✓ <u>Menningarmiðlun í dönskukennslu 1, 10e, G, kennt á dönsku</u> ✓ <u>Ritlist og bókmenntir, 5e, M</u> ✓ <u>Stílfraði og textagerð, 5e, M</u>
Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar	Fagmennska og samstarf	✓ <u>Hagnýt matsfræði í skólum, uppeldisstarfi og heilbrigðisþjónustu, 10e, F</u> ✓ <u>Fjölmenning og tungumálakennsla, 10e, G</u> ✓ <u>Einelti, forvarnir og inngrip, 10e, M</u> ✓ <u>Barnavernd - hvað er börnum fyrir bestu?, 10e, F</u> ✓ <u>Þróunarstarf í menntastofnunum, 10e, F</u> ✓ <u>Kennsla í margbreytilegum nemendahópi, 10e, F</u>
	Félagsfærni og sjálfsefning	✓ <u>Lífsleikni - sjálfið, 5e, F</u> ✓ <u>Sértækt hópastarf í félags- og æskulýðsmálum, 5e, F</u>
	Heilbrigði	✓ <u>Hugur, heilsa og heilsulæsi, 10e, M</u>
	Sköpun	✓ <u>Leikir í frístunda- og skólastarfi, 5e, G, kennt á laugardögum</u> ✓ <u>Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf, 10e, F</u>
	Önnur námskeið	✓ <u>Ferðalög og útilíf, 5e, G, undirbúningadagur 18. maí - kennsla hefst 23. ágúst, sumarnámskeið</u> ✓ <u>Staðartengd útimenntun, 10e, M, undirbúningsdagur 3. júní - kennsla hefst 5. ágúst, sumarnámskeið, takmarkaður fjöldi</u>
Önnur námskeið	Atvinnulíf, verk- og starfsmenntun	
		✓ <u>Tengsl skóla og atvinnulífs, 5e, G</u> ✓ <u>Verk- og starfsmenntun: Saga, skipulag og þróun, 5e, G</u>
	Fullorðinsfræðsla	
		✓ <u>Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra, 10e, F</u>

Fjölgun í grunnám á MVS

Fyrir skólaárið 2020-21 fjölgaði umsóknum í grunnám á MVS um 32% m.v. árið á undan. Alls bárust 980 umsóknir í grunnám. Fjölgun varð í öllum deildum, sjá nánar fksj. 94% fjölgun umsókna varð í Deild kennslu - og menntunarfræði (úr 148-287), þar af 72% fjölgun í leikskólakennaranám og 76% fjölgun í hópi þeirra sem velja kennslufræði yngri barna. Í Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda er 30% heildarfjölgun (úr 181-286), um 49% fjölgun í tómstunda- og félagsmálafræði, 19% í íþróttar- og heilsufræði og 140% fjölgun í heilsueflingu og heimilisfræði (úr 5-12). Í Deild faggreinakennslu er 13% fjölgun umsókna milli ára (úr 218-246), en þar varð mikil fjölgun umsókna einnig árið 2019. Ánægjulegt er að sjá að mesta fjölgunin er á kjörsviðum list- og verkgreina (68% úr 22-37), í samfélagsgreinakennslu og í upplýsingatækni (100%, úr 4-8). Í Deild menntunar og margbreytileika er 9% fjölgun umsókna í heildina, þar af 36% fjölgun í grunnám í uppeldis- og menntunarfræði.